

**Hampiðjan hf.**

**Samandreginn árshlutareikningur  
samstæðu 30. júní 2023**

**Samandreginn árshlutareikningur  
samstæðu 30. júní 2023**

<b>Efnisyfirlit:</b>	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra.....	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda.....	3
Samandreginn rekstrarreikningur.....	4
Yfirlit um heildarafkomu.....	4
Samandreginn efnahagsreikningur.....	5
Yfirlit um breytingar á eigin fé.....	6
Samandregið sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8 - 15

Hampiðjan hf.  
kt. 590169-3079  
Skarfagörðum 4  
Reykjavík

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Samandreginn árshlutareikningur Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2023 er samstæðureikningur Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður samstæðunnar á tímabilinu 7.874 þúsund evrur og eigið fé í lok þess 266.500 þúsund evrur en af þeirri upphæð eru 14.371 þúsund evrur hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Að öðru leyti vísast til samandregna árshlutareikningsins um rekstur samstæðunnar á tímabilinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Tekjur samstæðu Hampiðjunnar á tímabilinu jukust um 75,4% á milli ára og nema 166,2 m. evra samanborið við 94,8 m. evra á sama tímabili árið áður. Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA) félagsins hækkaði á milli tímabila um 46,6% og nemur 21,3 m. evra samanborið við 14,6 m. evra árið áður. Hagnaður samstæðunnar lækkaði einnig á milli tímabila og nam 7,9 m. evra samanborið við 8,3 m. evra á sama tímabili árið 2022.

Í byrjun febrúar var gengið frá kaupum á 100% hlut í Holding Cage I sem er móðurfélag Mørenot samstæðunnar. Mørenot er alþjóðlegt fyrirtæki með starfstöðvar á um 30 stöðum víðs vegar um heiminn. Félagið veitir þjónustu og selur vörur til fyrirtækja í sjávarútvegi, fiskeldi og olíuiðnaði. Hjá Mørenot samstæðunni starfa um 750 starfsmenn. Kaupverðið var að mestu greitt með hlutabréfum í Hampiðjunni en seljendur fengu afhenta 50.981.049 hluti í Hampiðjunni. Mørenot kemur inn í samstæðu Hampiðjunnar frá og með 1. febrúar 2023. Áhrif Mørenot á samstæðu Hampiðjunnar má sjá í skýringu 4, starfsþáttaryfirlit, með árshlutareikningi þessum.

Þann 2. júní lauk almennu hlutafjárútbóði Hampiðjunnar. Hlutfé var aukið um 85 milljón hluti og nam heildarsöluandvirði hlutafjárútbóðsins um 10,9 ma.kr. Alls bárust um 3.700 áskriftir að andvirði um 32,3 ma.kr. sem samvarar ríflega þrefaldri eftirspurn. Í beinu framhaldi af útbóðinu færði félagið viðskipti með hlutabréf félagsins yfir á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. og voru bréf Hampiðjunnar tekin til viðskipta þar þann 9. júní.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur Hampiðjunnar hf. gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2023, rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023.

Það er jafnframt álit okkar að samandregni árshlutareikningurinn geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri hafa í dag farið yfir samandreginn árshlutareikning samstæðunnar fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík 31. ágúst 2023

Stjórn:

Vilhjálmur Vilhjálmsson

Kristján Loftsson

Auður Kristín Árnadóttir

Guðmundur Ásgeirsson

Sigrún Þorleifsdóttir

Forstjóri:

Hjörtur Erlendsson

## Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar Hampiðjunnar hf.

#### Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

#### Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

#### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samandregni árshlutareikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík 31. ágúst 2023

### PricewaterhouseCoopers ehf

Kristinn F. Kristinsson

## Rekstrarreikningur samstæðu

	Skýringar	1.1. - 30.6 2023	1.1. - 30.6 2022
Sala .....		166.240	94.801
Beinn framleiðslukostnaður .....		<u>(121.318)</u>	<u>(67.239)</u>
<b>Framlegð</b>		44.922	27.562
Rekstrarkostnaður .....	5	<u>(31.752)</u>	<u>(16.739)</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		13.170	10.823
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	6	(3.669)	(756)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna .....		86	75
		<u>(3.583)</u>	<u>(681)</u>
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		9.587	10.142
Tekjuskattur .....		<u>(1.713)</u>	<u>(1.850)</u>
<b>Hagnaður tímabilsins</b>		<u>7.874</u>	<u>8.292</u>
<b>Skipting hagnaðar</b>			
Hluti hluthafa móðurfélagsins .....		7.032	7.372
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga .....		842	920
		<u>7.874</u>	<u>8.292</u>
EBITDA .....		21.335	14.556
<b>Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent á hlut)</b>		1,61	1,69

## Yfirlit um heildarafkomu samstæðu

	1.1. - 30.6 2023	1.1. - 30.6 2022
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	7.874	8.292
<b>Liðir sem síðar verða færðir í rekstrarreikning</b>		
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga .....	(1.436)	434
<b>Liðir sem verða ekki færðir í rekstrarreikning</b>		
Matsbreyting fjárfestingareigna .....	<u>(16)</u>	<u>(2)</u>
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>	<u>6.422</u>	<u>8.724</u>
<b>Skipting heildarafkomu</b>		
Hluti hluthafa móðurfélagsins .....	5.554	7.584
Hluti minnihluta .....	868	1.140
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>	<u>6.422</u>	<u>8.724</u>

Skýringar á bls. 8 - 15 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

## Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir	Skýringar	30/06 2023	31/12 2022
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	166.773	108.172
Óefnislegar eignir .....	8	75.211	46.754
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		1.308	1.235
Fjárfestingareignir .....		2.673	2.637
Skuldabréf og langtímakröfur .....		1.671	86
Tekjuskattsinneign .....		1.276	0
		<u>248.912</u>	<u>158.884</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		128.275	90.160
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		57.788	33.921
Handbært fé .....		62.919	12.503
		<u>248.982</u>	<u>136.584</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>497.894</u>	<u>295.468</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé og yfirverðsreikningur .....		123.559	6.455
Aðrir varasjóðir .....		(2.768)	(1.306)
Matsbreyting fjárfestingareigna .....		2.229	2.244
Annað bundið eigið fé .....		59.286	54.066
Óráðstafað eigið fé .....		69.823	73.880
		<u>252.129</u>	<u>135.339</u>
Hlutdeild minnihluta .....		14.371	14.168
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>266.500</u>	<u>149.507</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Langtímaskuldir .....	9	119.115	83.738
Tekjuskattsskuldbinding .....		7.983	5.670
		<u>127.098</u>	<u>89.408</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		41.017	26.151
Ógreiddir skattar .....		4.531	3.317
Skuldir við lánastofnanir .....	9	58.748	27.085
		<u>104.296</u>	<u>56.553</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>231.394</u>	<u>145.961</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>497.894</u>	<u>295.468</u>

Skýringar á bls. 8 - 15 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

## Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu

	Hlutfé og yfir- verðsreikn.	Aðrir vara- sjóðir	Matsbr. fjárf. eigna	Annað bundið eigið fé	Óráðst. eigið fé	Hludt. minnihl.	Samtals
<b>Staða 1. janúar 2022</b>	6.455	400	1.888	45.626	76.052	13.870	144.291
<i>Heildarafkoma:</i>							
Heildarafkoma janúar til júní 2022 eftir skatta .....		214	(2)	0	7.372	1.140	8.724
Hl. í afk. dótturfélaga umfram mótttekinn arð .....				1.711	(1.711)		0
	0	214	(2)	1.711	5.661	1.140	8.724
<i>Eigendur:</i>							
Úthlutaður arður til eigenda .....					(6.354)	(532)	(6.886)
	0	0	0	0	(6.354)	(532)	(6.886)
<b>Staða 30. júní 2022 / 1. júlí 2022</b>	6.455	614	1.886	47.337	75.359	14.478	146.129
<i>Heildarafkoma:</i>							
Heildarafkoma júlí til des. 2022 eftir skatta .....		(1.920)	358	0	5.250	503	4.191
Minnihluti, breyting .....						(671)	(671)
Hl. í afk. dótturfélaga umfr. mótttekinn arð .....				6.729	(6.729)		0
	0	(1.920)	358	6.729	(1.479)	(168)	3.520
<i>Eigendur:</i>							
Arður til hluthafa .....					0	(142)	(142)
	0	0	0	0	0	(142)	(142)
<b>Staða 31. desember 2022 / 1. janúar 2023</b>	6.455	(1.306)	2.244	54.066	73.880	14.168	149.507
<i>Heildarafkoma:</i>							
Heildarafkoma janúar til júní 2023 eftir skatta .....		(1.462)	(15)	0	7.033	866	6.422
Minnihluti, breyting .....						(133)	(133)
Hl. í afk. dótturfélaga umfram mótttekinn arð .....				5.220	(5.220)		0
	0	(1.462)	(15)	5.220	1.813	733	6.289
<i>Eigendur:</i>							
Úthlutaður arður til eigenda .....					(5.870)	(530)	(6.400)
Aukning hlutfjár v. kaupa á dótturfélagi .....	45.428						45.428
Aukning hlutfjár innborguð .....	72.776						72.776
Kostnaður vegna hlutfjáráukningar .....	(1.100)						(1.100)
	117.104	0	0	0	(5.870)	(530)	110.704
<b>Staða 30. júní 2023</b>	<u>123.559</u>	<u>(2.768)</u>	<u>2.229</u>	<u>59.286</u>	<u>69.823</u>	<u>14.371</u>	<u>266.500</u>

Fjöldi hluta í byrjun árs var 500 milljónir. Á árinu var hlutfé aukið um 136 milljónir hluta og hlutfé í lok tímabilsins var því 636 milljónir hlutir og er hver hlutur að nafnverði 1. kr. Vegna kaupa á dótturfélaginu Mørenot var hlutfé aukið um 45,4 milljónir evra og Innborgað hlutfé á árinu var 72,8 milljón evrur. Beinn kostnaður, 1,1 milljónir evra, vegna innborgaðrar aukningar er færður til lækkunar á innborguðu hlutfé. Hlutfé í byrjun ársins var 6.455 þúsund evrur og eftir aukningu hlutfjár á tímabilinu er hlutfé í lok tímabilsins því 123,6 milljónir evra. Allt hlutfé er greitt. Félagið átti eigin hluti í lok tímabilsins að nafnverði 10,4 millj. kr (31/12 2022: 10,4 millj. kr.).

### Matsbreyting fjárfestingareigna

Fjárfestingareignir eru færðar á markaðsvirði m.v. matsdag í efnahagsreikningi, liggja það fyrir. Liggja markaðsvirði ekki fyrir þá er notast við kostnaðarverð að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar.

### Annað bundið eigið fé

Samkvæmt 41. gr. ársreikningalaga ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dótturfélaga og hlutdeildarfélaga umfram því sem nemur móttæknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn reikning meðal eigin fjár.

## Sjóðstreymi samstæðu

	Skýringar	1.1. - 30.6 2023	1.1. - 30.6 2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		13.170	10.823
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....		8.165	3.733
<b>EBITDA</b>		<u>21.335</u>	<u>14.556</u>
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....		(59)	(95)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....		(10.948)	(8.771)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>10.328</u>	<u>5.690</u>
Innborgaðir vextir.....		351	76
Innborgaður arður.....		38	43
Greiddir vextir.....		(3.769)	(1.281)
Greiddir skattar.....		(2.628)	(2.986)
Handbært fé frá rekstri		<u>4.320</u>	<u>1.542</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna .....		(7.757)	(6.645)
Kaup og sala óefnislegra eigna .....		(470)	(328)
Fjárfesting í dótturfélögum .....		(1.589)	(96)
Fjárfesting og sala í öðrum félögum .....		0	1
Skuldabréf og langtímakröfur, breyting .....		(1.809)	3
Handbært fé frá fjárfestingum (til fjárfestinga)		<u>(11.625)</u>	<u>(7.065)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Bankalán, breyting .....		(14.057)	11.710
Innborguð aukning á hlutafé .....		71.676	0
Arður greiddur til hluthafa .....		(5.870)	(6.354)
Arður greiddur til minnihluta .....		(530)	(532)
Handbært fé frá fjármögnun (til fjármögnunar)		<u>51.219</u>	<u>4.824</u>
<b>(Lækkun) á handbæru fé</b>		43.914	(699)
Handbært fé í byrjun árs.....		12.503	14.805
Gengismunur vegna handbærs fjár.....		(637)	163
Handbært fé frá keyptu dótturfélagi.....	10	7.139	0
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>		<u><u>62.919</u></u>	<u><u>14.269</u></u>
<b>Fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa:</b>			
Útgefið nýtt hlutafé vegna kaupa á dótturfélagi.....		(45.428)	0

Skýringar á bls. 8 - 15 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila



## Skýringar

### 1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga er framleiðsla og sala á fullbúnum veiðarfærum og íhlutum þeirra. Félagið er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Skarfagörðum 4 í Reykjavík.

Félagið er skráð á Aðalmarkað Nasdaq á Íslandi.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 31. ágúst 2023.

### 2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

#### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandi og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2022.

### 3. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

### 4. Starfspáttayfirlit

#### Rekstrarstarfspættir

Samstæðan skiptist í fimm starfspætti eftir félögum innan samstæðunnar:

- |                        |  |
|------------------------|--|
| <b>Starfspáttur 1.</b> | Starfsemi Hampiðjunnar sem er yfirstjórn samstæðunnar, endursala og fjárfestingar. Starfsemi Hampiðjan Baltic í Litháen, sem er verksmiðjuframleiðsla á netum, köðlum og ofurtógi.   |
| <b>Starfspáttur 2.</b> | Starfsemi veiðarfærafélagana í Swan Net Gundry á Írlandi og tengdra félaga ásamt Jackson Trawls og Jackson Offshore Supply í Skotlandi.  |
| <b>Starfspáttur 3.</b> | Starfsemi veiðarfærafélagsins Cosmos Trawl og dótturfélaganna Nordsötrawl og Strandby Net.   |
| <b>Starfspáttur 4.</b> | Starfsemi veiðarfærafélaganna Hampiðjan New Zealand, Hampiðjan Canada, Hampiðjan USA og dótturfélagsins Swan net USA, Hampiðjan Australia, Hampiðjan Ísland, Voot, Fasteignafélagsins Miðhúsa, Hampiðjan TorNet og Hampiðjan Offshore.   |
| <b>Starfspáttur 5.</b> | Starfsemi veiðarfærafélagsins P/F Von og dótturfélaganna P/F Vónin, Vónin Refa, Qalut Vónin, Vónin Lithuania, Vónin Canada, Vónin Ísland og Volu Ventis.   |
| <b>Starfspáttur 6.</b> | Starfsemi eignarhaldsfélaganna Holding Cage I AS, Holding Cage II AS, Holding Cage AS og Mørenot Holding II AS. Fasteignafélaganna Mørenot Eiendom I AS, Mørenot Eiendom II AS og Mørenot Eiendom III AS. Starfsemi dóttur- og dótturdótturfélaganna Mørenot AS, Mørenot Aquaculture AS, Mørenot Denmark AS, Poldan Nets, Mørenot Fishery AS, Mørenot Baltic, Mørenot China, Mørenot China Trading, Mørenot Korea Co. Ltd, Hampiðjan Advant AS, Mørenot Digital AS, Operations Support AS, Mørenot Canada, Mørenot Scotland, Mørenot Mediterranean, Mørenot Island, sem öll eru veiðarfærafélög. |

## Skýringar, framhald

### 4. Starfspáttayfirlit, framhald

	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Starfsp. (6)	Milli- viðskipti	Samtals
<b>Janúar til júní 2023</b>								
Rekstrartekjur .....	24.160	13.085	9.812	42.396	43.554	60.042	(26.809)	166.240
Beinn framl.kostn .....	(19.622)	(9.430)	(7.614)	(33.228)	(31.834)	(45.323)	25.733	(121.318)
	4.538	3.655	2.198	9.168	11.720	14.719		44.922
Rekstrarkostnaður .....	(5.331)	(2.028)	(926)	(5.711)	(5.988)	(12.845)	1.077	(31.752)
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>	(793)	1.627	1.272	3.457	5.732	1.874		13.170
Sem hlutfall af rekstrartekjum	-3%	12%	13%	8%	13%	3%		8%
Fjármunat. (fjármagnsgj.) .....	(2.103)	44	(135)	(904)	(438)	(133)		(3.669)
Hlutdeildarafkoma .....	86	0	0	0	0	0		86
Tekjuskattur .....	523	(293)	(248)	(389)	(1.057)	(249)		(1.713)
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	(2.287)	1.378	889	2.164	4.237	1.492		7.874
Afskriftir fastafjármuna .....	1.112	250	336	837	1.371	4.259		8.165
Kaup/sala fastafjármuna .....	(610)	(368)	(110)	(2.796)	(2.512)	(1.831)		(8.227)
EBITDA .....	323	1.877	1.608	4.293	7.102	6.132		21.335
	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Starfsp. (6)	Milli- viðskipti	Samtals
<b>Janúar til júní 2022</b>								
Rekstrartekjur .....	26.182	12.813	9.446	36.458	39.929	0	(30.027)	94.801
Beinn framl.kostn .....	(23.150)	(9.405)	(6.826)	(28.417)	(28.627)	0	29.186	(67.239)
	3.032	3.408	2.620	8.041	11.302	0		27.562
Rekstrarkostnaður .....	(2.883)	(1.813)	(1.285)	(5.519)	(6.082)	0	843	(16.739)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	149	1.595	1.335	2.522	5.220	0		10.823
Sem hlutfall af rekstrartekjum	1%	12%	14%	7%	13%			11%
Fjármunat. (fjármagnsgj.) .....	(255)	(40)	(12)	(289)	(160)	0		(756)
Hlutdeildarafkoma .....	75	0	0	0	0	0		75
Tekjuskattur .....	138	(265)	(272)	(440)	(1.011)	0		(1.850)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	107	1.290	1.051	1.793	4.049	0		8.292
Afskriftir fastafjármuna .....	940	248	328	768	1.449	0		3.733
Kaup/s. fastafjármuna .....	(2.977)	(174)	(79)	(922)	(2.821)	0		(6.973)
EBITDA .....	1.092	1.843	1.663	3.289	6.669	0		14.556
	Starfsp. (1)	Starfsp. (2)	Starfsp. (3)	Starfsp. (4)	Starfsp. (5)	Starfsp. (6)	Milli- viðskipti	Samtals
<b>Heildareignir starfspáttar</b>								
30. júní 2023 .....	171.221	32.724	20.902	74.743	117.639	153.934	(73.269)	497.894
31. desember 2022 .....	93.177	31.128	20.341	73.210	116.799	0	(39.187)	295.468
<b>Heildarskuldir starfspáttar</b>								
30. júní 2023 .....	104.214	4.188	9.444	43.284	38.034	105.499	(73.269)	231.394
31. desember 2022 .....	92.777	3.098	9.308	42.808	36.961	0	(38.991)	145.961

## Skýringar, framhald

	1.1. - 30.6 2023	1.1. - 30.6 2022	
<b>5. Rekstrarkostnaður</b>			
Keyptar vörur og þjónusta .....	12.073	7.293	
Kostnaður vegna kaupanna á Mørenot, hlutafjárukningar og skráningar á aðallista Nasdaq .....	1.694	0	
Laun og launatengd gjöld .....	15.988	8.165	
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna .....	1.997	1.281	
	<u>31.752</u>	<u>16.739</u>	
	<b>1.1. - 30.6 2023</b>	<b>1.1. - 30.6 2022</b>	
<b>6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....	243	95	
Vaxtagjöld .....	(5.724)	(1.762)	
Gengismunur .....	1.774	838	
Fenginn arður .....	38	73	
	<u>(3.669)</u>	<u>(756)</u>	
	<b>1.1. - 30.6 2023</b>	<b>1.1. - 30.6 2022</b>	
<b>7. Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
	<b>Fasteignir</b>	<b>Vélar, áhöld og tæki</b>	<b>Samtals</b>
<b>Staða 1. janúar 2022</b>			
Kostnaðarverð .....	94.065	55.327	149.392
Uppsafnaðar afskriftir .....	(21.654)	(27.468)	(49.122)
Bókfært verð .....	<u>72.411</u>	<u>27.859</u>	<u>100.270</u>
<b>Hreyfingar janúar til júní 2022</b>			
Bókfært verð í byrjun árs 2022 .....	72.411	27.859	100.270
Gengismunir .....	77	(94)	(17)
Viðbætur .....	4.551	5.693	10.244
Selt og aflagt .....	0	(97)	(97)
Afskriftir .....	(1.519)	(1.995)	(3.514)
Bókfært verð 30. júní 2022 .....	<u>75.520</u>	<u>31.366</u>	<u>106.886</u>
<b>Hreyfingar júlí til desember 2022</b>			
Bókfært verð 1. júlí 2022 .....	75.520	31.366	106.886
IFRS 16 .....	2.807	314	3.121
Gengismunir .....	657	(801)	(144)
Viðbætur .....	2.824	911	3.735
Selt og aflagt .....	(1.698)	(9)	(1.707)
Afskriftir .....	(1.719)	(2.000)	(3.719)
Bókfært verð í lok árs 2022 .....	<u>78.391</u>	<u>29.781</u>	<u>108.172</u>
<b>Staða 1. janúar 2023</b>			
Kostnaðarverð .....	103.286	61.012	164.298
Uppsafnaðar afskriftir .....	(24.895)	(31.231)	(56.126)
Bókfært verð .....	<u>78.391</u>	<u>29.781</u>	<u>108.172</u>
<b>Hreyfingar janúar til júní 2023</b>			
Bókfært verð í byrjun árs 2023 .....	78.391	29.781	108.172
IFRS 16 .....	2.411	297	2.708
Gengismunir .....	598	(2.040)	(1.442)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum .....	43.239	14.691	57.930
Viðbætur .....	3.949	2.770	6.719
Selt og aflagt .....	0	(67)	(67)
Afskriftir .....	(3.516)	(3.731)	(7.247)
Bókfært verð í lok júní 2023 .....	<u>125.072</u>	<u>41.701</u>	<u>166.773</u>

## Skýringar, framhald

### Staða 30. júní 2023

Kostnaðarverð .....	170.403	106.946	277.349
Uppsafnaðar afskriftir .....	(45.331)	(65.245)	(110.576)
Bókfært verð í lok júní 2023 .....	<u>125.072</u>	<u>41.701</u>	<u>166.773</u>

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	<b>1.1. - 30.6 2023</b>	<b>1.1. - 30.6 2022</b>
Framleiðslukostnaður .....	5.800	2.363
Annar rekstrarkostnaður .....	<u>1.447</u>	<u>1.151</u>
	<u>7.247</u>	<u>3.514</u>

## 8. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- vild	Einkaleyfi	Hugb- próunark.	Samtals
<b>Staða 1. janúar 2022</b>				
Kostnaðarverð .....	46.073	1.114	3.157	50.344
Uppsafnaðar afskriftir .....	(350)	(1.042)	(1.514)	(2.906)
Bókfært verð .....	<u>45.723</u>	<u>72</u>	<u>1.643</u>	<u>47.438</u>

### Hreyfingar janúar til júní 2022

Bókfært verð í byrjun árs 2022 .....	45.723	72	1.643	47.438
Gengismunir .....	78	0	0	78
Viðbætur .....	0	0	328	328
Afskriftir .....	0	(11)	(208)	(219)
Bókfært verð 30. júní 2022 .....	<u>45.801</u>	<u>61</u>	<u>1.763</u>	<u>47.625</u>

### Hreyfingar júlí til desember 2022

Bókfært verð 1. júlí 2022 .....	45.801	61	1.763	47.625
Gengismunir .....	(904)	(1)	0	(905)
Viðbætur .....	0	0	244	244
Afskriftir .....	0	(11)	(199)	(210)
Bókfært verð í lok árs 2022 .....	<u>44.897</u>	<u>49</u>	<u>1.808</u>	<u>46.754</u>

### Staða 1. janúar 2023

Kostnaðarverð .....	45.247	1.114	3.729	50.090
Uppsafnaðar afskriftir .....	(350)	(1.065)	(1.921)	(3.336)
Bókfært verð .....	<u>44.897</u>	<u>49</u>	<u>1.808</u>	<u>46.754</u>

### Hreyfingar árið 2023

Bókfært verð í byrjun árs 2023 .....	44.897	49	1.808	46.754
Gengismunir .....	(997)	0	(635)	(1.632)
Viðbætur vegna kaupa á dótturfélögum .....	17.468	0	11.496	28.964
Viðbætur .....	452	0	1.751	2.203
Selt og aflagt .....	0	0	(160)	(160)
Afskriftir .....	0	(10)	(908)	(918)
Bókfært verð í lok júní 2023 .....	<u>61.820</u>	<u>39</u>	<u>13.352</u>	<u>75.211</u>

### Staða 30. júní 2023

Kostnaðarverð .....	62.169	1.114	23.420	86.703
Uppsafnaðar afskriftir .....	(349)	(1.075)	(10.068)	(11.492)
Bókfært verð í lok júní 2023 .....	<u>61.820</u>	<u>39</u>	<u>13.352</u>	<u>75.211</u>

Afskriftir óefnislegra eigna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	<b>1.1. - 30.6 2023</b>	<b>1.1. - 30.6 2022</b>
Framleiðslukostnaður .....	368	89
Annar rekstrarkostnaður .....	<u>550</u>	<u>130</u>
	<u>918</u>	<u>219</u>

## Skýringar, framhald

### 9. Lántökur

Lántökur eru tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar. Eignir sem keyptar hafa verið með kaupleigu eru veðsettar með viðkomandi eignum til tryggingar eftirstöðvum skulda.

	30/6 2023 Hlutfall	30/6 2023 Staða	31/12 2022 Hlutfall	31/12 2022 Staða
Langtímaskuldir greinast þannig eftir gengistryggingarákvæðum:				
ISK .....	1,1%	1.388	0,0%	7
EUR .....	56,3%	71.476	77,2%	71.192
USD .....	3,3%	4.150	0,7%	634
AUS .....	0,8%	1.048	1,2%	1.119
NZD .....	1,2%	1.559	1,7%	1.600
DKK .....	5,8%	7.313	8,4%	7.751
NOK .....	29,3%	37.141	10,7%	9.880
Annað .....	2,2%	2.807	0,0%	0
	<u>100%</u>	<u>126.882</u>	<u>100%</u>	<u>92.183</u>

Samningsbundnar 12. mánaða afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar í lok tímabilsins / ársins samkvæmt lánasamningum frá lánastofnunum, greinast þannig á næstu ár:

	30/6 2023	31/12 2022
Árið 2024 / 2023 .....	7.767	8.445
Árið 2025 / 2024 .....	33.666	6.881
Árið 2026 / 2025 .....	7.420	6.237
Árið 2027 / 2026 .....	7.362	6.259
Síðar .....	70.667	64.361
	<u>126.882</u>	<u>92.183</u>

Skuldir við lánastofnanir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

	30/6 2023	31/12 2022
Langtímaskuldir:		
Vaxtaberandi langtímaskuldir .....	94.971	79.373
Leiguskuldbinding, IFRS 16 .....	31.911	12.810
Næsta árs afborganir .....	(7.767)	(8.445)
	<u>119.115</u>	<u>83.738</u>

	30/6 2023	31/12 2022
Skammtímaskuldir:		
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	7.767	8.445
Vaxtaberandi skammtímaskuldir .....	50.981	18.640
	<u>58.748</u>	<u>27.085</u>

### 10. Kaup á Mørenot

Þann 17. nóvember 2022 undirritaði Hampiðjan samning um kaup á norska félaginu Holding Cage I AS sem er eignarhaldsfélag Mørenot samstæðunnar. Mørenot er alþjóðlegt fyrirtæki með starfsstöðvar á um 30 stöðum víðs vegar um heiminn. Félagið veitir þjónustu og selur vörur til fyrirtækja í sjávarútvegi, fiskeldi og olíuiðnaði. Undirritunin var gerð í kjölfar áreiðanleikakannanna. Kaupsamningurinn var gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlita Íslands, Grænlands og Færeyja ásamt því að hluthafafundur Hampiðjunnar samþykkti heimild til stjórnar Hampiðjunnar um útgáfu nýrra hluta til greiðslu kaupverðsins. Öllum fyrirvörum var aflétt í byrjun febrúar 2023 og í framhaldinu var gengið frá kaupunum.

Kaupverðið var að mestu greitt með hlutabréfum í Hampiðjunni en seljendur fengu afhenta 50.981.049 nýja hluti í Hampiðjunni og var miðað við gengið 112 ISK á hlut í þeim útreikningi en það var 20,4% yfir því markaðsgengi við lokun markaða á þeim degi sem tilkynnt var um viðskiptin. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum ber að færa viðskiptin á gengi hlutabréfanna á þeim degi sem bréfin eru afhent óháð því hvernig þau voru metin í útreikningi á viðskiptunum. Bréfin voru afhent þann 7. febrúar 2023 og var gengið á þeim degi 135 ISK á hlut og færast viðskiptin því í bækur Hampiðjunnar á því gengi.

## Skýringar, framhald

### Kaupverð

100% eignarhlutur Hampiðjunar hf. greiddur með peningum .....	1.589
100% eignarhlutur Hampiðjunar hf. greiddur með útgefnu hlutafé í Hampiðjunni .....	45.428
	<u>47.017</u>

### Eignir og skuldir keyptar, á gangvirði

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	57.930	<b>Gangvirði</b>
Óefnislegar eignir .....	28.964	
Skuldabréf og langtímakröfur .....	1.737	
Vörubirgðir .....	42.790	
Viðskiptakröfur .....	18.304	
Handbært fé .....	7.139	
Aðrir veltufjármunir .....	10.029	
Tekjuskattsskuldbinding .....	(1.364)	
Langtímaskuldir .....	(50.923)	
Skammtímaskuldir .....	(35.840)	
Skammtímaskuldir við lánastofnanir .....	(32.201)	
	<b>Nettó eignir keyptar</b>	46.565
	<b>Viðskiptavild, mismunur á kaupverði og gangvirði eigna og skulda</b>	452
	<b>Eignir keyptar</b>	<u>47.017</u>

Mat eigna á kaupdegi var byggt á bókfærðu virði eignanna þann 1.2.2023. Yfirverðið er tilkomið vegna tekjuhæfis eignanna og möguleika á samlegð milli félaganna tveggja. Vegna viðskiptanna er viðskiptavild að fjárhæð 452 þúsund evra færð í samstæðunni. Félagið hefur heimild til að taka allt að 12 mánuði í kaupverðsútteilingu og mun félagið klára þá vinnu á seinnihluta ársins.

Í samandregna árshlutareikninginn koma á árinu sölutekjur frá félaginu að fjárhæð um 60 milljónir evra og hagnaður að fjárhæð um 1,5 milljónir evra. Upplýsingar um efnahag og rekstur félagsins eru í skýringu nr. 6 um starfsþætti. Kostnaður sem féll til vegna kaupanna um 1,7 milljónir evra sem hefur verið gjaldfærður á árinu og er færður meðal rekstrarkostnaðar. Bókfært verð viðskiptakrafna félagsins, 18,3 milljónir evra, er jafnt gangvirði þeirra.

### Áhrif á handbært fé

Greiðslur vegna kaupa á Mørenot, færðar meðal fjárfestingahreyfinga í sjóðstreymi .....	(1.589)
Handbært fé til staðar í Mørenot við kaup .....	7.139

## 11. Árshelmingayfirlit\*

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árshelminga:

	jan. - jún. 2023	júlí - des. 2022	jan. - jún. 2022	júlí - des. 2021	jan. - jún. 2021	júlí - des. 2020
Rekstrartekjur .....	166.240	98.958	94.801	85.152	87.567	81.184
Rekstrargjöld án afskrifta .....	(144.905)	(84.788)	(80.245)	(70.909)	(71.827)	(67.711)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	21.335	14.170	14.556	14.243	15.740	13.473
Afskriftir .....	(8.165)	(3.929)	(3.733)	(3.434)	(3.460)	(2.892)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	13.170	10.241	10.823	10.809	12.280	10.581
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(3.583)	(2.880)	(681)	(1.198)	(1.075)	(1.378)
Hagnaður fyrir skatta	9.587	7.361	10.142	9.611	11.205	9.203
Tekjuskattur .....	(1.713)	(1.328)	(1.850)	(1.719)	(2.230)	(2.027)
Hagnaður árshelminga	<u>7.874</u>	<u>6.033</u>	<u>8.292</u>	<u>7.892</u>	<u>8.975</u>	<u>7.176</u>

\*Fjárhæðir í árshelmingayfirlitum eru óendurskoðaðar

## Skýringar, framhald

### 12. Yfirlit yfir félög í samstæðu

Nafn félags	Staðsetning	Starfsemi	Eignarhluti í eigu samstæðu	Eignarhluti í eigu minnihluta
Hampidjan Baltic UAB .....	Litháen	Veiðarfæraefnisfrl.	100%	
Hampidjan Australia Ltd .....	Ástralía	Veiðarfæragerð	80%	20%
Hampidjan New Zealand Ltd .....	Nýja Sjáland	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan Canada Ltd .....	Kanada	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan USA Inc .....	Bandaríkin	Eignarhaldsfélag	100%	
Swan Net USA, dótturfélag Hampidjan USA Inc .....	Bandaríkin	Veiðarfæragerð	75%	25%
Cosmos Trawl A/S .....	Danmörk	Veiðarfæragerð	100%	
Nordsötrawl, dótturfélag Cosmos Trawl A/S .....	Danmörk	Veiðarfæragerð	100%	
Strandby Net A/S, dótturfélag Cosmos Trawl A/S .....	Danmörk	Veiðarfæragerð	80%	20%
Swan Net Gundry Ltd (SNG) .....	Írland	Veiðarfæragerð	65%	35%
Costal Cages, dótturf. SNG .....	Írland	Veiðarfæragerð	65%	35%
Swan Net East Coast Services, dótturfélag SNG .....	Bandaríkin	Veiðarfæragerð	65%	35%
SNG Aqua, dótturfélag SNG .....	Írland	Veiðarfæragerð	65%	35%
Hampiðjan Ísland ehf .....	Ísland	Veiðarfæragerð	100%	
Hampiðjan Russia Ltd .....	Rússland	Sölufélag	60%	40%
Voot ehf. ....	Ísland	Sölufélag	68%	32%
Fasteignafélagið Miðhús ehf .....	Ísland	Fasteignafélag	53%	47%
Hampidjan TorNet SA .....	Spánn	Veiðarfæragerð	100%	
P/F Von .....	Færeyjar	Eignarhaldsfélag	99%	1%
P/F Vónin, dótturfélag P/F Von .....	Færeyjar	Veiðarfæragerð	100%	
Vonin Canada Ltd, dótturfélag P/F Vónin .....	Kanada	Veiðarfæragerð	100%	
Qalut Vonin, dótturfélag P/F Vónin .....	Grænland	Veiðarfæragerð	75%	25%
Vónin Ísland ehf, dótturfélag P/F Vónin .....	Ísland	Veiðarfæragerð	100%	
Volu Ventis ApS, dótturfélag P/F Vónin .....	Danmörk	Vörupróun	100%	
Vónin Refa AS, dótturfélag P/F Von .....	Noregur	Veiðarfæragerð	100%	
Heroy Terminal AS, dótturfélag Vónin Refa AS .....	Noregur	Fasteignafélag	100%	
UAB Vónin Lithuania, dótturfélag P/F Von .....	Litháen	Veiðarfæragerð	100%	
Jackson Trawls Ltd .....	Skotland	Veiðarfæragerð	80%	20%
Jackson Offshore Supply Ltd .....	Skotland	Sölufélag	80%	20%
Hampiðjan Offshore ehf. ....	Ísland	Sölufélag	100%	
Holding Cage I AS .....	Noregur	Eignarhaldsfélag	100%	
Holding Cage II AS .....	Noregur	Eignarhaldsfélag	100%	
Holding Cage AS .....	Noregur	Eignarhaldsfélag	100%	
Mørenot Eiendom I AS, Dótturfélag Holding Cage AS .....	Noregur	Fasteignafélag	100%	
Mørenot Eiendom II AS, Dótturfélag Holding Cage AS .....	Noregur	Fasteignafélag	100%	
Mørenot Eiendom III AS, Dótturf. Holding Cage AS .....	Noregur	Fasteignafélag	100%	
Mørenot Holding II AS, Dótturfélag Holding Cage AS .....	Noregur	Eignarhaldsfélag	100%	
Mørenot AS, dótturfélag Mørenot Holding II AS .....	Noregur	Veiðarfæragerð	100%	
Mørenot Aquaculture AS, dótturf. Mørenot Holding II AS .....	Noregur	Veiðarfæragerð	100%	
Mørenot Denmark AS, dótturf. Mørenot Aquaculture AS .....	Danmörk	Veiðarfæragerð	100%	
Poldan nets, dótturfélag Mørenot Denmark AS .....	Pólland	Veiðarfæragerð	100%	
Mørenot Fishery AS, dótturf. Mørenot Holding II AS .....	Noregur	Veiðarfæragerð	100%	
Mørenot Baltic, dótturf. Mørenot Fishery AS .....	Litháen	Veiðarfæragerð	100%	
Mørenot China, dótturf. Mørenot Fishery AS .....	Kína	Veiðarfæragerð	100%	
Mørenot China Trading, dótturf. Mørenot Fishery AS .....	Kína	Veiðarfæragerð	100%	
Mørenot Korea Co. Ltd., dótturf. Mørenot Fishery AS .....	S Kórea	Veiðarfæragerð	100%	
Hampidjan Advant AS, dótturf. Mørenot Holding II AS .....	Noregur	Veiðarfæragerð	100%	
Mørenot Digital AS, dótturf. Mørenot Holding II AS .....	Noregur	Veiðarfæragerð	100%	
Operations Support AS, dótturf. Mørenot Holding II AS .....	Noregur	Veiðarfæragerð	100%	
Mørenot Canada, dótturf. Mørenot Holding II AS .....	Kanada	Veiðarfæragerð	100%	
Mørenot Scotland, dótturf. Mørenot Holding II AS .....	Skotland	Veiðarfæragerð	100%	
Mørenot Mediterranean, dótturf. Mørenot Holding II AS .....	Spánn	Veiðarfæragerð	100%	
Mørenot Island, dótturf. Mørenot Holding II AS .....	Ísland	Veiðarfæragerð	90%	10%

## Skýringar, framhald

Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga í lok tímabilsins er 14,4 milljónir evra. Af þeirri fjárhæð er hluti minnihluta í Swan Net Gundry Ltd. 6,7 milljónir evra. Aðrir hlutar minnihluta eru í Hampidjan USA, Cosmos Trawl A/S, P/F Von, Hampidjan Australia, Voot ehf, Fasteignafélaginu Miðhús ehf., Jackson Trawls Ltd og Jackson Offshore Supply Ltd.

Swan Net Gundry Ltd á Írlandi er eina félagið innan samstæðunnar sem telst vera með minnihluta sem er verulegur fyrir samstæðuna. Upplýsingar um efnahag og rekstur félagsins koma fram í skýringu nr. 4 um starfsþætti, starfsþáttur 2.